

FUNDARGERÐ SKIPULAGS- OG UMHVERFISRÁÐS, HÚNAÞINGS VESTRA.

274. fundur Skipulags- og umhverfissráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 6. október 2016 kl. 17:00 í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga.

Fundinn sátu:

Pétur Arnarsson, Árborg Ragnarsdóttir, Guðrún Eik Skúladóttir og Hallfríður Ósk Ólafsdóttir.

Byggingarfulltrúi: Ólafur Jakobsson

Fundaritari: Guðrún Eik Skúladóttir

Dagskrá:

1. Kynning á fyrirhugaðri byggingu göngubrúar á Syðri-Hvammsá.
2. Mál nr. 1512002. Borgarvirki, tillaga að deiliskipulagi.
3. Mál nr. 1605141. Breyting á aðalskipulagi og deiliskipulagi við Norðurbraut, vestan sláturhúss. áður á dagskrá 267. og 268. fundar skipulags- og umhverfissráðs.
4. Mál nr. 1610003. Veiðifélag Víðidalssár. Þúfa nýtt veiðihús.
5. Mál nr. 1610004. Útíbleikstaðir, umsókn um stofnun lóðar.
6. Mál nr. 1610005. Stóra-Ásgeirsá land lnr. 217996, breyting lóðarmarka og ákvörðun byggingarreits, Elías Guðmundsson.
7. Mál nr. 1610006. Stóra-Ásgeirsá land lnr. 217997, ákvörðun byggingarreits, Aðalheiður Einarsdóttir.
8. Mál nr. 1610007. Víðidalstunga, reyndarteikningar og breytingar á lögnum.
9. Mál nr. 1610008. Reykir Hrútafirði. Viðbygging við hlöðu og fjárhús.
10. Mál nr. 1609082. Hrísar, breytingar á lögnum vegna inntaks hitaveitu.
11. Mál nr. 1609011. Syðstu-Kárastaðir, ósk um að hús verði dæmt ónýtt

Tekið á dagsskrá:

12. Fundagerð 12. afgreiðslufundar
13. Erindi nr. 1610020. Ytri- Reykir Viðhald húss/endurbætur

Afgreiðslur:

1. Arnar Birgir Ólafsson hönnuður kynnti hönnun nýrrar brúar yfir Syðri Hvammsá sunnan grunnskóla.
Málið er á undirbúningsstigi og ekki lagt fram til afgreiðslu.
2. **Erindi nr. 1512002.** Tekið fyrir að nýju erindi nr. 1512002 frá Ástu Hermannsdóttur f.h. Minjastofnunar Íslands þar sem óskað er eftir heimild til að deiliskipuleggja Borgarvirki og næsta nágrenni þess. Skipulaginu er ætlað að stuðla að verndun og varðveislu minja á svæðinu og gera þær aðgengilegri fyrir ferðamenn sem koma að virkinu. Sveitarstjórn heimilaði umsækjanda þann 10. desember s.l. að láta vinna deiliskipulag á sinn kostnað skv. framkominni skipulagslýsingu í nóvember 2015 frá Teiknistofu Norðurlands. Leitað var umsagna hjá Skipulagsstofnun og öðrum umsagnaraðilum og kynnt fyrir almenningi eins og 3. mgr. 40 gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um. Athugasemdir bárust frá eftirtöldum aðilum: Umhverfisstofnun, Skipulagsstofnun, Vegagerðinni og Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra.

Innsendum umsögnum var komið á framfæri við umsækjanda og skipulagsráðgjafa með tilmælum að tekið yrði efnislega tillit til þeirra eins og kostur væri við gerð skipulagsins.

Innkomin ný gögn þann 3. október 2016, tillaga að deiliskipulagi. Skipulagsgögnin samanstanda af Skipulagsuppdrætti, greinargerð og skýringaruppdrætti frá Arnari Birgi Ólafssyni landslagsarkitekt hjá Teiknistofu Norðurlands.

Skipulags- og umhverfissráð gerir ekki athugasemdir við deiliskipulagstillöguna og felur skipulagsfulltrúa að kynna tillöguna og forsendur hennar fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum eins og 4. mgr. 40 gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um áður en hún verður lögð fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu.

- 3. Erindi nr. 1605141** Tillaga að breytingu á aðalskipulagi og breyting á deiliskipulagi austan Norðurbrautar Hvammstanga. Tillögurnar voru auglýstar samhliða skv. 31. og 41. gr. skipulagslaga 123/2010 og voru endurbirtar vegna formgalla í auglýsingarferli í Lögbirtingarblaðinu frá 04.08.16 - 15.09.16. Einnig lágu tillögurnar frammi í Ráðhúsi Húnaþings vestra og hjá Skipulagsstofnun á auglýsingartímanum. Engar athugasemdir bárust

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir erindið fyrir sitt leiti og vísar því til afgreiðslu sveitarstjórnar.

- 4. Erindi nr. 1610003** Björn Magnússon kt. 050947-2709 f.h. Veiðifélags Víðidalssár kt. 680269-3198 sækir um með erindi dags. 01.10.2016 um byggingaleyfi fyrir veiðihúsi á Þúfu, lóð nr. 224533 samkvæmt meðfylgjandi teikningum nr. 018 1-2 frá Hauki Ásgeirssyni.

Skipulags- og umhverfissráð frestar erindinu og felur byggingafulltrúa að afgreiða málið þegar fullnægjandi teikningar berast.

- 5. Erindi nr. 1610004.** Ingibjörg Guðmundsdóttir kt. 030532-4739 sækir með erindi dags. 30.09.2016 um heimild til að skipta spildu og stofna byggingareit úr landi jarðarinnar Útibleikstaða í Miðfirði l.nr. 144162 skv. hnitsettum afstöðuuppdrætti dags. 30.09.2016 nr. 160904 UB001, unnið af Bjarna Þór Einarssyni hjá Ráðbarði sf. Fyrirhugað er að reisa frístundahús á lóðinni og verður hún ekki tekin úr landbúnaðarnotkun.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir erindið fyrir sitt leiti.

- 6. Erindi nr. 1610005.** Elías Guðmundsson kt. 150649-3159 sækir með erindi dags. 30.09.2016 um leiðréttingu á lóðamörkum milli landspilda í landi Stóru-Ásgeirsár land lnr. 217996 og 217997, samkv. meðfylgjandi hnitsettum afstöðuuppdrætti, nr. 160802 SA001 dags. 24.09.2016 unnum af Bjarna Þór Einarssyni hjá Ráðbarði sf. Umsækjandi sækir einnig um stofnun byggingareits í landi Stóru Ásgeirsár lnr. 217996 samkvæmt sama uppdrætti.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir erindi umsækjenda.

- 7. Erindi nr. 1610006.** Aðalheiður Einarsdóttir kt. 050860-4349 og Jón Ingi Björgvinsson kt. 191163-3469 sækja með erindi dags. 30.09.2016 um stofnun byggingareits í landi Stóru-Ásgeirsár lnr. 217997, samkv. meðfylgjandi hnitsettum afstöðuuppdrætti, nr. 160802 SA001 dags. 24.09.2016 unnum af Bjarna Þór Einarssyni hjá Ráðbarði sf.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir erindi umsækjenda.

- 8. Erindi nr. 161000** Bjarni Þór Einarsson kt. 310348-2449 leggur fram fyrir hönd Ólafs B. Óskarssonar kt. 0705432149 reyndarteikningar nr. 160804-VT131 af íbúðarhúsinu fnr. 213-5465 að Víðalstungu í Víðidal lnr. 144641 vegna tengingar hitaveitu í húsið og nýs hitakerfis.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir framlagðar teikningar.

9. **Erindi nr. 1610008.** Bjarni Þór Einarsson kt. 310348-2449 sækir með erindi mótt. 03.10.2016 um heimild til stofnunar byggingareits í landi Reykja í Hrótafirði lnr. 144036 skv. meðfylgjandi uppdrætti nr. 190902-FL000 unnum af sama aðila.

Einnig er sótt um byggingarleyfi vegna byggingar stálgrindarhúss sem byggt verður við fjárhús og hlöðu, mhl. 20 og 25 skv. meðfylgjandi uppdrætti nr. 190902-FL001-FL002

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir erindið fyrir sitt leiti og felur byggingafulltrúa að afgreiða málið, þegar fullnægjandi gögn hafa borist.

10. **Erindi nr. 1609082.** Karl Friðriksson kt. 020255-5879 Hrísum lnr. 144612 sækir með erindi dags. 13.09.2016 um heimild til breytinga á lagnagrind íbúðarhússins vegna tengingar hitaveitu við núverandi lagnakerfi húsin.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir erindi umsækjenda.

11. **Erindi nr. 1609011.** Ólafur G. Sveinsson kt. 280442-2329, Sigurdís Sveinsdóttir kt. 160943-3009 og Kristín V.Á. Sveinsdóttir kt. 051253-5359 eigendur Syðstu Kárastaða 144508 óska eftir með erindi dags. 04.09.2016 að eign með fnr. 213-4583 verði dæmd ónýt og sú ákvörðun tilkynnt til Þjóðskrár Íslands.

Skipulags- og umhverfisráð frestar erindinu með tilliti til umsagnar Minjaverndar.

Tekið á dagsskrá:

12. Fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 12 frá 9. ágúst 2016 lögð fram til kynningar.

13. **Erindi nr. 1610020.** Guðmundur S. Magnússon kt. 270657-4869 sækir fh. Helgu Björnsdóttur kt. 300190-4059 með erindi mótt. 06.10.2016 um byggingarleyfi fyrir endurbótum á íbúðarhúsinu að Ytri-Reykjum lnr. 210918

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir hugmyndir umsækjenda um útlitsbreytingar og felur byggingafulltrúa að afgreiða málið þegar fullnægjandi gögn berast.

Skipulags- og umhverfisráð bendir á að afgreiðslur ráðsins jafngilda EKKI byggingarleyfi. Byggingarfulltrúi gefur út byggingarleyfið þegar öll tilheyrandi gögn hafa borist og sveitarstjórn Húnaþings vestra hefur staðfest fundargerðina.

Fundargerð upplesin og samþykkt. **Fundi slitið kl. 19:00**

Pétur Arnarsson

Árborg Ragnarsdóttir

Guðrún Eik Skúladóttir

Hallfríður Ósk Ólafsdóttir

Ólafur Jakobsson